

Fyrsti fundur Epsilondeildar haldinn í Skálholti

Þriðjudaginn 1. október 2024 kl 17:00.

Dagskrá:

- **Fundur settur** – Margrét kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi og bauð um leið systur velkomnar. Hún þakkaði um leið undirbúningshópnum fyrir þeirra störf og færði þeim rós. Bolette, Ásborg, Sísá, Elinborg og Björg voru í undirbúningshópnum.
Guðlaug sá um nafnakall.
- Eydis Katla las upp fundargerð síðasta fundar sem var aðalfundur deildarinnar og var hún samþykkt.
Margrét afhenti Guðríði fráfarandi formanni rós og nælu.
- Því næst flutti Ásborg orð til umhugsunar. Hún lagði út frá degi náttúrunnar sem er haldinn 16. september ár hvert. Fyrir tíu árum þá voru í farvatninu ýmis verkefni sem Ásborg stýrði og oft reyndi á þolinmæðina rétt eins og íslensk náttúra. Íslenska náttúra býr yfir miklum krafti og hefur mótað okkur sem þjóð. Ásborg ræddi líka um hversu mikilvægt það væri að ganga vel um auðlindir landsins. Ýmsir viðburðir sem ferðapjónusta landsins leggur áherslu á byggja einmitt á náttúru Íslands og þar með auðlindunum.
- Því næst flutti Margrét fréttir af starfinu framundan.
- Haldinn var stjórnarskiptafundur 4. júní sl. þar sem núverandi og fyrrverandi stjórn fóru yfir helstu verkefni stjórnar. Á þessum sama fundi skiptu núverandi stjórn með sér hutverkum. Margrét var kosinn formaður á aðalfundi. Eydis Katla situr áfram í stjórn en segir frá sér gjaldkerahlutverki og óskar eftir að gerast meðstjórnandi. Ásgerður bauð sig fram sem ritari, Guðlaug sem varaformaður og Harpa sem gjaldkeri. Sigríður Guðnadóttir hefur gengist við að vera áfram vefritarinn okkar. Ný stjórn hittist aftur 9. sept þar sem farið var yfir fundarstörf vetrarins, dags- og tímasetningar funda voru ákveðnar fram að áramótum sem og fundarsvæði. Áhersla er lögð á að fá konur á fundarsvæðum til að taka þátt í undirbúningi með því t.d. að finna fundarstaði í einhverjum tilfellum, sjá um dagskrárliðinn „Orð til umhugsunar“, finna fundarefni, ákveða og panta veitingar, skipuleggja skoðunarferðir o.fl. Formaður mun senda hverjum hóp nánari óskir og tilgreina eina sem ábyrgðarkonu hópsins. Ef konur sjá sér ekki fært um að komast á fund geta þær lagt sitt af mörkum við undirbúning hans. Fundarboð verða send út með minnst viku fyrirvara og þá þarf dagskrá og veitingar að liggja fyrir. Formaður gerir kröfu um að fundarboði sé svarað sem fyrst og ef konur geta ekki mætt á fund gefa þær upp ástæðu þess. Formaður ætlar að halda skráningu yfir mætingar á fundum. Næsti fundur verður laugardaginn 26. október en stefnt er að afmælisferð og er stjórnin að kanna hvaða möguleikar eru í boði. Ekki er hægt að gefa upp nánari dagskrá að svo stöddu þar sem hún er enn í mótun. Þriðji fundurinn verður svo með jólaívafi miðvikudaginn 27. nóvember og er búið að bóka Rauða Húsið á Eyrarbakka fyrir fund og veitingar.
- Því næst sagði Margrét frá framkvæmdarráðsfundi sem haldinn var 7. sept 2024. Á

þennan fund mættu allir formenn deilda og landsamsbandsstjórn. Farið var yfir markmið samtakanna og rætt var um afmælisárið en 50 ár eru á næsta ári liðin frá því að samtökin voru stofnuð hér á landi.

- Næst fór fram hugmyndavinna, hvað vilja Epsilonkonur fræðast um/kynna sér í vetur (þemu)? Margrét nefndi m.a. þá hugmynd sem kom fram á framkvæmdarráðsfundinum hvort við ættum að tengja þemum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna?

Ein tillaga hafði komið fram fyrir fundinn frá Maddý en hún var m.a. að skoða í hverju speglum við okkur? Mikið er af neikvæðum fréttum í samfélaginu og því mikilvægt að einblína á það jákvæða í kringum okkur – jafnvel að skrá það niður og segja frá á fundum. Margrét bað síðan félagskonur að

ræða saman 4-5 í hóp um það sem við myndum vilja fræðast um eða kynna okkur í vetur og koma með hugmyndir t.d. af fyrirlesurum. Hún minnti okkur síðan á þá miklu þekkingu í hópunum okkar sem er vel þess virði að nýta. Þær hugmyndir sem komu fram í hópavinnunni voru meðal annars húmor og gleði, þakklæti, hlúa vel hver að annarri. Gæta að stuðningsnetinu, einblína á kærleikann jákvæðni og móttöku flóttabarna en nýlega fóru tvær félagskonur til Póllands að kynna sér hvernig er staðið að þeim málum þar.

- Önnur mál - Margrét bað konur um að uppfæra upplýsingar um sig á vefnum. Lét ganga blað þar sem félagskonur gátu leiðrétt eða bætt við upplýsingum.
- Hapdrættisvinningurinn féll að þessu sinni í hlut Margrétar Ísaksdóttur.
- Síðan var fundi slitið og Margrét slökkti á kertum vináttu trúmennsku og hjálpsemi.